

26. fundur skóla- og fræðslunefndar haldinn kl. 19:45 í Laugargerðisskóla 29. janúar 2020

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri og Sigurður Jónsson fulltrúi kennara. Kristján Magnússon fulltrúi Borgarbyggðar.

Katrín setti fund.

- Sigurbjörg gaf út að á meðan ekki væri lýsing milli skóla og íþróttahúss færi hennar dóttir ekki á milli skóla og íþróttahúss nema í fylgd með stafsmanni. Alltof dimmt á milli og ekki boðlegt. Áréttað frá síðasta fundi.
- Sigurbjörg spurði líka um merkingar – hvort það sé merki sem árétti að hér sé skóli og hámarkshraðamerkingar. Ástæða til að leggja áherslu á merkingar og jafnvel athuga með gangbraut yfir.
- Raglur um skólaakstur. Katrín sagði okkur að umræða um reglur varðandi skólaakstur hefðu verið teknar fyrir á síðasta hreppsnefndafundi. Ákveðið var að senda erindið til skóla- og fræðslunefndar og nefndin taki þetta fyrir, geri drög að reglum og sendi til hreppsnefnar til umfjöllunar aftur. Samþykkt að gera drög að reglum, senda á milli okkar, ná að gera gott skjal sem síðan verður lagt fyrir á næsta hreppsnefndarfundi.
- Ingveldur óskar eftir að nefndin velti fyrir sér framtíðaráformum skólans. Leikskólinn er í mikilli uppbyggingu og það fer að vanta ýmsan búnað s.s. húsgögn og fleira til að gera góðan leikskóla betri. Hún ræddi um þörf á ýmisskonar viðhaldi bæði utandyra og innan. Ingveldur átti fund með Eggerti fyrr í dag þar sem þau fóru yfir verkefni framundan. Grunnskóladeildin er aðeins betur sett en engu að síður komin tími á ýmsa endurnýjun. Mikil þörf að halda velli og halda áfram að byggja upp jákvætt skólasamfélag. Einnig mikilvægt að viðhalda byggingum sveitafélagsins en stefnan er að fara í umtalsverðar viðhaldsbreytingar á næstunni.

Önnur mál.

Rætt um ýmis önnur mál s.s. starfsmannamál, veður, ábyrgð skólabílstjóra, skólastjóra og annarra hlutaðeigenda í vondum veðrum og færð. Húsnæðismál, framtíð skólans, vonir og væntingar, sameiningamál og áhrif þeirra á skólastarf í litlum skólaeiningum og fleira.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.